

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 2. júlí 2018
UST201805-127/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Hólaskógar - Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita er barst 14. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Hólaskóga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.


Í upphafi greinargerðar kemur fram að deiliskipulagstillagan nær yfir landsspildu á Gnúpverjaafrétti í Árnassýslu, sem er innan þjóðlendu og framkvæmdir því tilkynningaskyldar. Einnig kemur fram að í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem jaðarmiðstöð og verslunar- og þjónustusvæði og innan afmörkunar hverfisverndar.


Mannvirki

Í greinargerð kemur fram að á svæðinu eru þrjár byggingar og er elsta húsið Hólaskógur nr. 1 frá 1936 og hefur það verið gert upp. Önnur mannvirki eru fjallamannaskáli frá 1975 Hólaskógur nr. 2 sem þarfnast endurbyggingar og tveggja hæða skáli frá 1998 Hólaskógur nr. 3 sem er í góðu ástandi

Ofangreind deiliskipulagstillaga gerir ráð fyrir að elsta og yngsta byggingin verði óbreyttar, en leyfi verður til að stækka Hólaskóg 2 í allt að 250 m². Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að endurbyggt húsið falli vel að húsunum á svæðinu, og tekur undir það að þau skuli falla vel að landslagi.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur